

Eystrahorn

24. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 24. júní 2021

www.eystrahorn.is

Verkefni háskóla setursins á afmælisári

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði – háskóla setrið, í daglegu tali – fagnar nú tuttugasta starfsári sínu. Setrið var stofnað 30. nóvember 2001 og hefur starfað óslitið síðan, með aðsetur í Nýheimum. Fastráðnir starfsmenn þess, Þorvarður Árnason umhverfisfræðingur og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur, fluttu til Hornafirðar í maí 2006 og hafa því unnið í 15 ár við setrið. Auk þeirra starfa nú þrjú verkefnaráðnir starfsmenn hjá setrinu og fjórir sumarstarfsmenn. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum háskóla setursins um þessar mundir.

Rannsóknir og fræðastörf

Á síðasta ári fengu Þorvarður og Soffía Auður bæði birtar ritrýndar greinar í erlendum greinasöfnum sem gefin voru út af Routledge útgáfunni. Grein Soffíu Auðar „Challenging gender, historicizing gossip: reflections on the life of Guðrún Sveinbjarnardóttir“ birtist í Engendering Transnational Transgressions. From the Intimate to the Global, en greinin er hluti af stærra rannsóknarverkefni Soffíu Auðar sem snýst um 6 dætur Sveinbjarnar Egilssonar skálds og rektors. Grein Þorvarðar „Wilderness in Iceland – mapping and exploring a web of values“ birtist í Rethinking Wilderness and the Wild: Conflict, Conservation and Co-existence og er afurð yfirstandandi rannsókna hans á óbyggðum víðernum á Íslandi. Soffía Auður birti einnig tvær ritrýndar greinar á íslensku, greinina „Hin tvífætta villibráð“ í ritinu Fléttur V: #MeToo og „Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar og möguleikar hennar“ í Ritinu. Tímariti Hugvísindastofnunar. Er það fjórða fræðigreinin sem Soffía Auður birtir um skrif Þórbergs eftir að bók hennar Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar kom út (2015).

Sjónrænar rannsóknir á bráðnun jökla

Þorvarður hlaut nýverið Vísinda- og nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands, í flokki samfélagslegra verkefna, fyrir tillögu að verkefninu „Breiðamerkurjökull 2121: Sjónflug inn í óvissa framtíð“. Markmið þess er að búa til tölvugerða stuttmynd sem sýnir líklega hopun jökulsins á næstu hundrað



Frá afhendingu Vísinda- og nýsköpunarverðlauna Háskóla Íslands. Á myndinni má m.a. sjá Johannes Welling, verkefnastjóra ferðamála, og David Ostman, kortagerðarmann háskóla setursins.

árum, miðað við þrjár ólíkar sviðsmyndir um áframhaldandi hlýnun Jarðar. Verkefnið byggir m.a. á aðferðum sem Kieran Baxter, nýdoktor við háskóla setrið, hannaði við gerð After Ice sem frumsýnd var í mars s.l. Stór og þverfaglegur hópur samstarfsaðila kemur að gerð myndarinnar, þar á meðal jöklafræðingarnir Helgi Björnsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Snævarr Guðmundsson. Annað nátengt verkefni, „Breiðamerkurjökull – landslagsþróun á komandi öld“, hlaut jafnframt nýverið styrk frá Kvískerjasjóði. Verðlaunaféð og styrkurinn nema samtals 2,4 mkr.

Vefur um konur og skáldskap

Soffía Auður er einn af ritstjórum vefsins Skáld.is sem er tileinkaður konum og skrifum þeirra. Vefurinn hysir lifandi skáldskap, fréttir, viðtöl og greinar, og þar er einnig að finna skáldatal, þ.e. lista yfir kvenskáld, ævi þeirra og skáldverk. Í febrúar s.l. hlaut Soffía Auður styrk frá Háskóla Íslands sem veittur er akademískum starfsmönnum "til að styðja við virka þátttöku í samfélaginu í krafti rannsókna og sérþekkingar". Í júní fengu aðstandendur Skáld.is einnig styrk frá Menningarsjóði Seðlabanka Íslands. Styrkirnir tveir nema samtals 3,1 mkr. og verða nýttir til að ráða tvo bókmenntafræðinga til tímabundinna starfa við vefinn.

Þróun vísinda- og loftslagsferða

Háskóla setrið hlaut í mars s.l. styrk frá Loftslagssjóði vegna verkefnisins



Ritstjórar Skáld.is eftir afhendingu styrks frá Menningarsjóði Seðlabanka Íslands (frá vinstri): Soffía Auður Birgisdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir, og Jóna Guðbjörg Torfadóttir.

„Vísindaferðabjónusta – nýr vettvangur fyrir öflun og miðlun þekkingar um loftslagsmál“. Upphæð styrksins var 10 mkr. og var hann veittur úr nýsköpunarhluta sjóðsins. Eins og nafnið gefur til kynna, þá snýst þetta verkefni um þróun nýrra ferðavara þar sem miðlun vísindalegra upplýsinga um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra er í forgrunni. Helstu samstarfsaðilar verkefnisins eru 10 hornfirsk fyrirtæki í ævintýraferðabjónustu, sem njóta munu ráðgjafar og aðstoðar frá FAS, Náttúrustofu Suðausturlands, Vöruhúsinu og Vatnajökulsþjóðgarði, auk háskóla setursins sem leiðir verkefnið. Jafnframt tengist þessi vinna fjölbjóðlegu verkefni sem sömu aðilar hafa unnið að í u.þ.b. ár, það nefnist SCITOUR (Scientific Tourism) og er unnið í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í Finnlandi, Skotlandi, Grænlandi og fleiri löndum. SCITOUR er styrkt af Norðurslóðaáætlun

...framhald á bls. 2

Athugið að síðasta tölublað fyrir sumarfrí kemur út 1. júlí.
Næsta blað eftir sumarfrí kemur út 12. ágúst.



Nútið og framtíð - Sumarfagnaður í Skaftafelli

Vatnajökulsþjóðgarður boðar til sumarfagnaðar í Skaftafelli, **miðvikudaginn 30. júní, kl. 14.00**. Ráðherra umhverfis- og auðlindamála, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ávarpar gesti og mun m.a. staðfesta Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Við förum síðan yfir þann góða framgang sem á sér stað í Skaftafelli og hvert stefnt er til framtíðar. Hlökkum til að sjá þig!

Vatnajökulsþjóðgarður

Hlaðvarp Eystrahorns

Nú í vikunni kom fyrsti hlaðvarpsþáttur Eystrahorns á netið. Með því að framleiða hlaðvörp erum við að stækka miðilinn, ná til stærri markhóps og búa til meira áhugavert efni fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Í þáttunum er lögð áhersla á mannlega þáttinn, við kynnumst áhugaverðu fólki í samfélaginu okkar og fáum innsýn í þeirra líf.

Hægt er að nálgast þættina á heimasíðu Eystrahorns www.eystrahorn.is/hladvarp/ og á öllum helstu hlaðvarpsveitum.

Við vonum að lesendur, og nú hlustendur, taki þessu framtaki okkar vel og hlusti á fyrsta þáttinn, en Kristín Guðrún Gestsdóttir varð þess heiðurs aðnjótandi að vera fyrsti viðmælandi okkar.



Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Hlífðardýnur og lök í öllum stærðum

Svefn & heilsa
★★★★★

Þú getur fengið draumarúmið þitt hjá okkur.

Erum með mikið úrval af rúmum og dýnum í öllum stærðum og gerðum. Góð verð. Einnig full búð að fallegum gjafavörum, potta blómum og inni- og útipottum.

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarfalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:
www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
villibum fyrir alla

Sundlaug Hornafjarðar Rennibrautir

Nú er búið að gera við rennibrautirnar og viljum við þakka fyrir þolinmæðina á meðan viðgerð fór fram.

Sundlaug Hornafjarðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

- 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns
www.eystrahorn.is/styrktaraskrift
- 2 Veldu mánaðarlega upphæð

1 1000 kr.
á mánuði

2 2000 kr.
á mánuði

3 3000 kr.
á mánuði
- 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is
 🌐 www.eystrahorn.is
 ☎ sími: 848-3933

Eystrahorn

framhald af forsiðu...



Evrópusambandsins (Northern Periphery and Arctic programme, NPA). Verkefnið mun standa yfir til ársloka 2022, heildarstyrkveiting til þess frá NPA nemur rúmlega 100 mkr., þar af er styrkurinn til háskólasetursins um 19 mkr.

Nýsköpun – Menntun – Rannsóknir

Háskólasetrið hefur undanfarið misseri unnið að verkefni um samþættingu nýsköpunar, menntunar og rannsókna í jöklaferðamennsku, í samstarfi við FAS sem leiðir verkefnið. Verkefnið hlaut skömmu fyrir síðustu áramót 2,5 mkr. styrk frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Tvær helstu afurðir verkefnisins eru rannsókn á jöklaferðamönnum sem háskólasetrið stendur að, í samstarfi við Vatnajökulshjóðgarð og fyrirtæki í jöklaferðaþjónustu, og vefur um staðfræði sem FAS stendur að, í samstarfi við Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Tveir sumarstarfsmenn, Arndís Ósk Magnúsdóttir og Riley Knudsen, munu safna gögnum vegna rannsóknarinnar í sumar.

Verðlaunaritgerð um Hálendisþjóðgarð

Michaél Bishop hlaut í apríl s.l. verðlaun frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Rannsóknamiðstöð ferðamála fyrir framúrskarandi lokaritgerð um ferðamál á Íslandi. Hér var um MS-ritgerð í landfræði að ræða, þar sem viðhorf íslensks almennings til miðhálendisþjóðgarðs voru rannsökuð. Leiðbeinendur Michaéls voru Þorvarður Arnason, núverandi forstöðumaður háskólasetursins, og forveri hans í starfi, Rannveig Ólafsdóttir, nú prófessor í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Kennsla heima og að heiman

Soffía Auður var gestakennari við Færeyskudeild háskólans í Færeyjum – Fróðskaparsetursins – í sex vikur á nýliðnu vori. Þar kenndi hún íslenskar og færeyskar bókmenntir að fornu og nýju og tengdi við #MeToo hreyfinguna. Þá er einnig Soffía Auður gestakennari við námskeið í Háskóla Íslands á hverju ári. Þorvarður hefur kennt vettvangsnámskeið um stjórnun friðlýstra svæða sem fram fer á Hornafirði árlega frá 2007 og í sumar bættist við nýtt vettvangsnámskeið um útinám sem hannað var í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um starfsemi háskólasetursins má finna á www.hi.is/rannsoknaseturhohn. Þá verða ýmsir viðburðir sem tengjast afmælisárinu kynntir síðar.

Starfsfólk óskast

Afleysingar starfsmaður óskast í Mötneyti SP frá 1. júlí n.k til og með 16. ágúst.

Áhugasamir hafi samband við

Gísli Mía í síma 470-8108
eða 661-5942



OMNOM í Ríki Vatnajökuls



Í sumar ætla veitingaaðilar Ríkis Vatnajökuls að bjóða matgæðingum og súkkulaðiunnendum í sannkallað súkkulaðiferðalag þar sem að þeir bjóða upp á súkkulaðirétti úr hágæða súkkulaði frá Omnom. Þar má finna girnilega rétti á borð við súkkulaðitartar, ferska sítrónuystingsköku, heimagerðan ís og svo mætti lengi telja.

Ríki Vatnajökuls hvetur Hornfirðinga og nærsveitunga til að bjóða bragðlaukunum í ferðalag og bragða á ljúffengum Omnom réttum víðsvegar um sýsluna okkar.

Humarhátíð á Hornafirði



HornafjarðarMANNI Heimsmeistaramót 2021

Verður haldið laugardaginn 26. júní og hefst kl. 11:00 í Nýheimum.

Góð verðlaun!

Þátttökugjald kr. 1.000.-


Allir sem kunna eitthvað í MANNA geta tekið þátt í mótinu.

Heiðursgestur verður Björn Eysteinnsson fyrrverandi þjálfari og fyrirlíði heimsmeistarana og handhafa Bermúdaskálina á sínum tíma.

Knattspyrnudeild Sindra



Humarhátíð



Fimmtudagur 24. júní

21:00 Friðrik Ómar og Jógvan á Hafinu

Föstudagur 25. júní

15:00 Djass kvartettinn Gola í Bókasafninu Nýheimum

18:00 - 20:00 Fjölbjóðaeldhús á Hafinu - *Fjölbreytt dagskrá og matur frá ýmsum þjóðlöndum*

21:00 Pub Quiz Kvennakór Hornafjarðar í Sindrabæ húsið opnar 20:30

20:00 - 23:00 Harmonikkan og ljúfir tónar í Partýtjaldi Sindra á miðsvæði

Laugardagur 26. júní

11:00 - 14:00 HornafjarðarManni í Nýheimum

14:00 - 23:00 Tjaldpartý Sindra á miðsvæði, lifandi tónlist og skemmtiatriði

14:00 - 18:00 Hoppukastalar á miðsvæði

14:00 Skottssala (*skráning eyrunh@hornafjordur.is*)

14:00 Lalli Töframaður

14:20 Sigurvegari Hugmyndasamkeppninnar "Myndatökusvæði á Höfn" kynntur

14:30 Fimleikafélagið - Sýning

15:00 Tónlistaratriði - Erla Ösp og Andri

15:00 Sindri/Neisti A - Breiðablik 2 á Mánavelli

15:30 Húlladúlla - Sýning

16:45 Sindri/Neisti B - Breiðablik 2 á Mánavelli

17:00 Húllahringjasmiðja í Nýheimum (*3000 kr. þátttaka í smíðju*)

18:00 - 20:00 Humarsúpa í boði Skinneyjar-Þinganes og Nettó um allan bæ og pallapartý á Morávekpallinum

20:00 Addi trúbador

21:00 Una Stef & The SP74 í Sindrabæ

Sunnudagur 27. júní

Frítt í sund fyrir alla í Sundlaug Hafnar

14:00 Sindri - Einherji kl. 14:00 á Sindravellir

20:30 Jóipé og Króli tónleikar á Hafinu



MENNINGARMÍÐSTÖÐ
HORNAFJARÐAR



nettó